

## Laust starf deildarstjóra leikskóladeildar við Bláskógaskóla Laugarvatni

Hefur þú áhuga á að flytja út á land og koma að kennslu í litlum samrekrum leik- og grunnskóla skóla úti á landi? Við erum staðsett um klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu og það er hálf tíma keyrsla á Selfoss.

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekin leik og grunnskóli sem leggur meðal annars mikla áherslu á samfelli á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Grenndarkennsla er stór hluti af starfinu og verið er að vinna að þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á útinám með fjölbreytta kennsluhætti að leiðarljósi þvert á skólastig.

Horft er til að hafa starfsumhverfi hvetjandi og krefjandi í sem. Teymiskennsla hefur verið í þróun sl. skólaár sem er að gefa góða raun og sér í lagi þegar horft er til samfelli á milli skólastiga.

## Laust starf í eldhúsi leikskóladeildar

Nú þegar er laust starf á leikskóladeild í eldhúsi. Viðkomandi vinnur náið með starfsmanni í eldhúsi grunnskóla. Starfið er að mestu fólgið í því að sinna eldhúsi leikskólans og öðrum tilfallandi verkefnum.



### Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á leikskólastigi
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Reynsla og áhugi á útinámi kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Gleði og samstarfsvilji er mikilvægur eiginleiki

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til kennsluréttinda á öðru skólastigi eða háskólaprófs í uppeldisfræðum. Að auki er reynsla og meðmæli úr fyrri starfi/störfum mikilvæg.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til 1. mars og mikilvægt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst [elfa@blaskogaskoli.is](mailto:elfa@blaskogaskoli.is)

### Hæfniskröfur:

- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Gleði og samstarfsvilji er mikilvægur eiginleiki.